

Alþingi
Erindi nr. P 143/50
komudagur 28.10.2013



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. október 2013

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.). Mál 3, 143. Löggjafarþing.

Starfsgreinasamband Íslands harmar það að ekki var haft samráð við aðila vinnumarkaðarins við undirbúning fjárlaga þrátt fyrir yfirlýsingar í stjórnarsáttmálanum um samráð í meðal annars skattamálum. Ljóst er að margar breytingar sem áætlaðar eru í ríkisfjármálum hafa bein áhrif á kaupmátt launafólks og verður tekið tillit til þess í komandi kjarasamningum. 4. þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið á Akureyri dagana 16.-18. október síðastliðinn og var þar meðal annars fjallað um ríkisfjármál. Ljóst er að þær skattabreytingar sem áætlaðar eru styðja ekki við þá sem eru lægst launaðir sérstaklega heldur er verið að hækka nefskatta (útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og sóknargjöld) og lækka skatta á þá sem eru með hærri tekjur en almennt verkafólk hefur samið um síðustu ár. Þannig er verið að hverfa frá þeirri stefnu að nýta skattkerfið til tekjujöfnunar en það kemur sérstaklega illa við fólk á lægstu laununum. Ályktanir þingsins eru í viðhengi en í ályktuninni um ríkisfjármál segir meðal annars:

4. þing Starfsgreinasambands Íslands haldið í Hofi á Akureyri 16. – 18. október 2013 krefst þess að skattkerfið verði nýtt til tekjujöfnunar og hagsbóta fyrir þá lægst launuðu í landinu. Það er sanngirniskrafa að fólk með hæstu tekjurnar leggi hlutfallslega meira til samneyslunnar en fólk með lágar tekjur. Því leggur þing SGS áherslu á að viðhalda þrepaskiptu skattkerfi og boðaðar skattalækkanir verði nýttar til að mæta þörfum þeirra sem hafa lægstar tekjur, t.d. með því að hækka persónuafslátt.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa marglýst því yfir að aðgerðir í ríkisfjármálum munu hafa áhrif inn í kjarasamninga sem brátt eru lausir. Stefna aðila vinnumarkaðarins er að auka kaupmátt til lengri tíma en það krefst þess að allir leggist á árarar; atvinnurekendur, stjórnvöld og launafólk. Ekki verður séð að aðgerðir í ríkisfjármálum verði til að liðka fyrir því markmiði að auka hér kaupmátt á næstu árum. Í greinagerð með ályktun um kjaramál frá þingi SGS segir:

Sú ábyrgð og agi sem þarf til að halda verðbólgu í skefjum og byggja undir stöðugleika í framtíðinni má ekki eingöngu vera á ábyrgð launafólks heldur verður ríkisvaldið, sveitarfélög og atvinnurekendur að sýna svo ekki verði um villst að þau ætla að axla slíka ábyrgð.

Um einstök mál í frumvarpinu sem hér um ræðir verður ekki hjá því komist að fjalla sérstaklega um starfsendurhæfingarsjóðina og greiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á þessum þáttum hafa mikil áhrif á almennt verkafólk.

Varðandi starfsendurhæfingarsjóðina þá vísar Starfsgreinasamband Íslands til umsagnar stjórnar VIRK um breytingar á framlagi til starfsendurhæfingasjóða. Ljóst er að með frumvarpinu er verið að fara á skjön við gerða samninga milli ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um fjármögnun á VIRK. Ekkert samráð var haft við gerð fjárlagafrumvarpsins og styður SGS þá kröfu virk að stofna til viðræðna milli VIRK og stjórnvalda um breytingar sem þessar og ráðstöfun þessara fjármuna.

Enn fremur er lagt til í frumvarpinu að greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufyrirtækja vegna fiskvinnslufólks sem nýtur kauptryggingar á grundvelli kjarasamninga, þegar vinna liggur niðri vegna hráefnisskorts, verði felldar brott. Forsenda þess er að 3. málsgrein laga nr. 19/1979 sem heimilar fyrirtækjum að senda fiskvinnslufólk heim í hráefniskorti án launa verði breytt. Starfsgreinasambandið hefur marg oft boðist til að ræða breytingar á þessu fyrirkomulagi til að tryggja að fiskvinnslufólk búi við sama starfsöryggi og annað launafólk. Það verður þó ekki gert einhliða af hálfu ríkisvaldsins heldur krefst samráðs við aðila vinnumarkaðarins enda byggja kjarasamningar á þessu ákvæði og þarna er beinlínis verið að hlutast til um starfsöryggi fólks sem starfar í fiskvinnslu.


Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlf. og sjómf. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-lója, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlf. og sjómf. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vlf. og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri